

## 596. fundur

Föstudaginn 22. janúar 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. 1. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Baldur Arnar Sigmundsson ANR  
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR  
Benedikt S. Benediktsson FJR  
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari

1. Tekið var fyrir erindi Banana ehf. dags. 18. janúar 2016 til áframhaldandi umræðu um meintan skort á gulrótum á markað. Sendar voru fyrirspurnir til dreifingaraðila um stöðu markaðarins dags. 21. janúar 2016. Bárust svör frá 3 aðilum um að skortur væri á gulrótum frá 1. febrúar nk.
2. Rædd voru drög að 1. br. á reglugerð nr. 1218/2015 um um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum samkvæmt viðaukum IVA og IVB við tollalög. Ákveðið að senda eftirfarandi drög til umsagnar:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

|                  | Vara              | Tímabil         | Vörumagn | Verðtollar | Magnatollur |
|------------------|-------------------|-----------------|----------|------------|-------------|
| Tollskrárnúmer.: |                   |                 | kg       | %          | kr./kg      |
| 0706.1000        | Gulrætur og næpur | 01.02.-30.03.16 | ótilgr.  | 0          | 0           |

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á gulrótum og næpum. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.